

## REGLUGERÐ

### um diplomatisk vegabréf.

#### 1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út diplomatisk vegabréf.

#### 2. gr.

Í diplomatisku vegabréfi skal greina fullt nafn vegabréfshafa og þjóðerni, stöðu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, tungu, hæð, háralit, augnalit og sérkenni. Enn fremur skal taka fram til hvaða tíma vegabréfið gildir.

Í vegabréfi skal enn fremur líma nýlega mynd af vegabréfshafa og skal stimpla hana með embættisinnsgli ráðuneytisins á þann hátt, að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Vegabréfshafi skal skrifa nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir myndina. Að því loknu skal skrifa útgáfudag í vegabréfið og síðan skal það undirskrifað og embættisinnsgli ráðuneytisins sett við undirskriftina.

#### 3. gr.

Halda skal ráðuneytið skrá yfir öll diplomatisk vegabréf, sem það gefur út, og skal þar skrá allar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið. Þá skal einnig líma mynd af vegabréfshafa inn í skrána.

#### 4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplomatisk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.
3. Ráðherrar.
4. Nánustu fylgdarmenn ráðherra, er þeir eru í fylgd með ráðherra.
5. Forseti sameinaðs Alþingis.
6. Hæstaréttardómarar.
7. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins í skrifstofustjóra-, fulltrúa- og aðstoðarmanaflokkum.
8. Fulltrúar í opinberum diplomatiskum sendinefndum, og aðrir opinberir fulltrúar í stjórnarerindum, samkvæmt umboði frá forseta Íslands.
9. Íslenskir ríkisborgarar, sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum.
10. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
11. Nánustu ættingjar, konur og börn þeirra manna, sem nefndir eru að framan í 1. til 10. tölulið; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð fullum 21 árs aldri, nema um ógiftar eldri dætur útsendra fulltrúa utanríkisráðuneytisins sé að ræða, og þær skráðar á hinn diplomatiska lista, þar sem þær dvelja.
12. Sendiboðar, er flytja stjórnarpóst, og gegna því starfi sem aðalstarfi.

Enn fremur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gefa út diplomatisk vegabréf til handa öðrum fyrrverandi ráðherrum en þeim, sem nefndir eru í 10. tölulið hér að framan, svo og til handa fyrrverandi starfsmönnum utanríkisráðuneytisins, sem hafa gegnt skrifstofustjórarstörfum eða öðrum störfum jafnrétt háum.

#### 5. gr.

Þegar diplomatisk vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látnin gilda fyrir þann tíma, er ætla má að ferðin muni standa; ella skulu vega-

bréf þessi látin gilda allt að þremur árum, en þó aldrei lengur en vegabréfshafi gegnir starfi því, er heimildin til að fá diplomatísk vegabréf samkv. 1. gr. fylgir.

48  
14. sept.

## 6. gr.

Nú hefur vegabréf verið gefið út til ákveðinnar ferðar og þeirri ferð er lokið og skal þá vegabréfshafi afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sitt.

Sama gildir, er maður hefur fengið vegabréf vegna ákveðins starfs og hann hættir að gegna því starfi.

Kona vegabréfshafa og börn hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr., skulu á sama hátt afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sín samtímis því, sem vegabréfshafi samkvæmt því, er að framan segir, afhendir vegabréf sitt til baka.

## 7. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, þá, sem nefndir eru í 4. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir konur þeirra og börn, sbr. 11. tölulið sömu greinar.

Vegabréf þess skal þá eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til eins árs í senn.

## 8. gr.

Fyrir útgáfu eða framlengingu diplomatísks vegabréfs skal ekkert gjald greiða.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 31 27. júní 1941 og öðlast þegar gildi

*Utanríkisráðuneytið, hinn 14. september 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

## FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

49  
21. sept.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Málefni þau, er með ríkisstjóraúrskurði 16. desember 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., voru falin dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einari Arnórssyni, eru hér með falin forsætisráðherra dr. juris Birni Þórðarsyni.

*Gjört í Reykjavík, 21. september 1944.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Björn Þórðarson.*